

**Nd.**

**356. Breytingartillögur**

[73. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttabjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

b. Í stað orðsins „atvinnustofnunum“ í 3. mgr. komi: stofnunum.

2. Við 4. gr.

a. Fyrri mgr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflokkning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
 

Útvarpsráð skipa 15 menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu ráðsmanna.

Útvarpsráð skiptist í tvær dagskrárnefndir, og eru átta menn í hvorri, en formaður ráðsins formaður beggja. Önnur nefndin fjallar um dagskrá hljóðvarps, hin sjónvarps. Útvarpsráð kemur að jafnaði saman mánaðarlega, en dagskrárnefndir a. m. k. hinar þrjár vikur mánaðarins.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og beggja dagskrárnefnda og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
 

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, en dagskrárnefndir leggja fullnaðarsamþykki á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda.

Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.
5. Við 7. gr. 3. mgr. orðist svo:
 

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
 

Ríkisútvarpið og Landssími Íslands skulu hafa náð samstarf til að tryggja, að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Landssíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.
7. Við 10. gr.
  - a. Á eftir orðinu „Ríkisútvarpinu“ komi: án endurgjalds eða nokkurra kvaða.
  - b. Á undan orðinu „mannfundir“ komi: almennir.
  - c. Á eftir orðunum „Réttur til að“ komi: hljóðrita, myndrita eða.
8. Við 12. gr. Í stað orðanna „ekki flytja slíkar fregnir af öðrum“ komi: ekki flytja öðrum slíkar fregnir.
9. Við 13. gr. Aftan við 3. mgr. bætist orðin: í fjárlögum.
10. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
 

Í sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 5% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.
11. Við 15. gr. Síðasta málsg. orðist svo:
 

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- eða örorkulífeyri samkvæmt 21. gr. laga um almannatryggingar frá 1963, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.
12. Við 16. gr.
  - a. Í stað orðsins „afhendandi“ í 2. mgr. komi: sá, sem af hendi lætur.
  - b. 3. mgr. falli niður.
  - c. Aftan við 4. mgr. bætist: mánaðarlega.
13. Við 17. gr. Í stað orðsins „tilgreiningu“ í 6. og 7. lið komi: upplýsingar.

14. Við 18. gr. 2. máls. 1. málsgr. orðist svo:

Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignaréttar-fyrirvörum.

15. Við 20. gr. Í stað orðsins „gjaldþaga“ í 1. málsgr. komi: eindaga.

16. Við 24. gr. Í stað orðanna „kr. 10 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 100 000.00.

17. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsráð skal í fyrsta sinn kosið samkvæmt lögum þessum að loknum alþingiskosningum í júní 1971.